

# MOSÖLD 2024



# LOKASKÝRSLA

Gleðin við völd – á MOSÖLD

9. - 11. maí 2024



# Skipurit Mosaldar



## Öldungur



### Öldunganefnd.

Formenn og gjaldkerar ráða innan  
Blakdeildar Aftureldingar



Mótanefnd



Veitinganefnd



Verðlauna og  
mynjagripanefnd



Lokahófs-og  
skemmtinefnd



Gistinefnd



## Skýrsla Öldungs Mosaldar 2024

Í upphafi byrjaði Öldungur á því að fá leyfi fyrir öllum húsakosti og var það gert tveimur árum áður eins og lög gera ráð fyrir. Þá var í pípunum að ný félagsaðstaða og búningaaðstaða yrði risin að Varmá og því yrði ekkert vandamál hvorki fyrir veitingaaðstöðu eða búningaaðstöðu á mótinu. Ljóst var að ekki yrði hægt að halda mótið í kringum 1.maí eins og lög gera ráð fyrir og var ákveðið að halda mótið í kringum Uppstigningardaginn 9-11 maí 2024 og byrjaði mótið því fimmtudginn 9.maí og lauk á laugardeginum 11.maí. Sunnudagurinn var nýttur í frágang og heimferðir.

Það kom það í ljós ári fyrir mótið að ekki yrði af þessari nýbyggingu.

Haustið 2023 kallaði Öldungur saman á fund formenn og gjaldkera ráða innan Blakdeildar Aftureldingar og stakk upp á því að sama model yrði notað og notað var á Mosöld 2017 því það reyndist mjög vel. Á fyrsta fundi var ákveðið að nafn mótsins skyldi áfram vera MOSÖLD 24 og formenn nefnda og hlutverk nefnda kynnt. Módelið var að ekki yrði sérstök Öldunganefnd, heldur myndu formenn og gjaldkerar innan blakdeildarinnar taka að sér formennsku í þeim ráðum sem Öldungamótið krafðist. Einnig var ákveðið að samskonar skipting hagnaðar yrði og var viðhöfð 2017 á milli deilda. Neðri deildir fengju að hámarki 1.5 milljón króna til skiptanna og BUR, Mfl kk og Mfl kvk fengju jafnan hlut af því sem eftir stæði.

Formenn nefnda voru eftirfarandi:

**Mótanefnd:** Öldungur, Guðrún K Einarsdóttir, formaður og meitaraflokksráð blakdeildar í þeirri nefnd. Einar Friðgeir Björnsson og Guðbrandur Pálsson. Nefndin sá um að allur búnaður yrði til reiðu þegar að mótinu kom ásamt því að skipuleggja mótahaldið og uppsetning valla í Fellinu.

**Veitinganefnd:** BUR, Barna-og Unglingaráð, tók alfarið að sér þessa nefnd. Þar sem mesta vinnan í þeirri nefnd færi fram á mótinu sjálfu þegar flestir aðrir nefndarmeðlimir yrðu að spila á mótinu sjálfu eða að dæma.

**Verðlauna og mynjugripanefnd:** Formaður Þórdís Ófafsóttir formaður neðri deildar ráðs. Verkefni nefndarinnar var að vinna að hönnun á mótssmerkinu, mótsslagi og mótsgjöfum handa keppendum.

**Gistinefnd:** Eygerður Helgadóttir og Kristín Inga Guðmundsdóttir, sáu um að auglýsa eftir húsnæði í bænum og miðla upplýsingum um gistingu í bænum.

**Lokahófs-og skemmtinefnd:** Formaður Margrét Ragnarsdóttir gjaldkeri neðri deildar. Verkefni nefndarinnar var að sjá um að skipuleggja skemmtanir á meðan á mótinu stóð og skipuleggja lokahófið.

Allar lokaákvörðanir voru teknar á fundum í Öldunganefndinni og hélt framkvæmdarstjóri mótsins fundargerðir sem allar eru aðgengilegar á facebooksíðu nefndarinnar. Engin nefnd hafði fjárveitingarleyfi heldur var allt rætt og ákveðið af Öldunganefndinni.

Ákveðið var á fyrsta fundi að Öldungur mótsins yrði jafnframt launaður starfsmaður mótsins og sæi um að safna styrkjum og um allt utanumhald. Launin voru 100.000 kr á mánuði frá 1. september 2023- 1.júní 2024 og yrði byrjað að greiða laun þegar mótagjöld færu að berast eftir áramót.

Ljóst er að það var full þörf á því að hafa starfsmann í vinnu því mikil vinna fór fram á virkum dögum og á dagvinnutíma, þegar sjálfbóðaliðar eru í sinni vinnu og þegar tímarnir voru lauslega teknir saman þá lágu sem samsvarar 3.ja mánaðar vinna ef unnið var 8 klst á dag bara við skipulag og undirbúning og samskipti við birgja, söfnun styrka og að vera í sambandi við nauðsynlega aðila sem að móttinu komu á einhvern hátt. Þá er ótalin sú undirbúningsvinna sem búin var árið áður og á meðan á móttinu stóð og eftir það.

Mikilvægast var að fá inn styrktaraðila því markmið mótsins er fyrst og fremst fjáröflun fyrir starfið í deildinni og þá sérstaklega fyrir Barna-og Unglingastarfið og afreksstarfið í meistaraflokkum félagsins. Þar fyrir utan þá eru ótrúlega margar stundir sem fóru í annan undirbúning sem nefndirnar sáu um.

Áhersla var lögð á að ef hægt væri að bjóða deildum innan Aftueldingar fjáröflun þá skyldi það gert og nutu sunddeild og knattspyrnudeildir félagsins góðs af móttinu einnig.

Þetta mót er orðið svo stórt og umfangsmikið því öll viljum við gera þetta vel og að allir skemmti sér vel og við viljum líka að það félag sem tekur þetta að sér fái eitthvað fyrir sinn snúð eftir alla þá miklu vinnu sem í svona mótti liggur.

Það má segja að mótagjaldið sé allt of lágt miðað við alla þá vinnu sem það tekur að setja upp mót af þessari stærðargráðu. Að gera blakaðstöðu með amk 15 völlum og og allt sem að svona stóru mótagjaldi snýr auk skemmtana á kvöldin. Að mati Öldungs þá ætti mótagjald á hvert lið að vera 100.000 kr að lágmarki.

Hér má lesa yfirlýsingu frá Öldungi sem var birt á fb síðu mótsins eftir móttið sem ég leyfi að fylgja með skýrslunni”:

“Eins og líklega 90% af blökurum á Íslandi vita þá var maí mánuður mjög annasamur og því kemur þessi þakkarræða frekar seint, en í kjölfar Mosaldar voru stór landsliðsverkefni og einnig stórt skólablaksmót sem Öldungur 2024 aðstoðaði við.

Næsta öldungamót verður væntanlega ekki á kafi ofan í landsliðsverkefnum þar sem 1.maí 2025 verður á fimmtudegi svo þá verður gerlegt að halda móttið í kringum þá dagsetningu sem er auðvitað sú æskilegasta og skal miðað við ef gerlegt er.

Ég vil byrja á því að þakka ykkur kærur þátttakendur fyrir þolinmæðina en við ákváðum að reyna við nýtt mótakerfi og var markmiðið að koma úrslitunum á þann stað að þegar leik væri lokið þá færi hann beint inn í mótakerfið og væri aðgengilegur fyrir alla.

Þannig myndum við sleppa öllum pappír og skriffinnsku og úrslitaskráning væri á ábyrgð liðanna sjálfra. Þar sem um 99% af íslendingum eru komin með snallsíma þá ætti það að ganga upp.

Það fór mikil vinna og nokkur hundruð klukkustundir í að gera þetta gerlegt.

Þegar nýtt kerfi og breytingar eru gerðar þá má alltaf búast við einhverjum hnökrum og svo var einnig hjá okkur.

Umsjónir leikja komu seint inn frá okkur, en svo má einnig segja að Öldungamót BLI eru það stór mót að ef þú ert að taka þátt þá gerirðu ráð fyrir því að eyða helginni á mótstað og þegar allt er á sama punkti eins og var hjá okkur að Varmá þá ætti það ekki að skipta höfuðmáli hvort þú eigir umsjón eftir 1,2 eða 6.leik á mótinu.

Öll úrslit eru nú rétt inni á [Playing.com](http://Playing.com) og hafa verið það síðan í lok maí, og hægt er að sjá stigaskor en það var ekki hægt til að byrja með og raðaði kerfið rangt upp í byrjun og einnig var mikið um að lið samþykktu úrslit röng sem gerði það að verkum að lið sem ekki áttu að fá stig fengu stig.

Myndir frá verðlaunaafhendingunni eru einnig komnar inn í gallerí á mótasíðunni.

Við þurftum að leiðrétta úrslit í þremur tilfellum og er það leiðinlegt en það hefur ekki nein úrslitaáhrif á stöðuna varðandi hvort lið fari upp um deildir fyrir næsta Öldungamót.

Í heildina er Blakdeild Aftureldingar ánægð með mótið og hvernig til tókst þó að alltaf megi gera betur á sumum stöðum.

Dómgæslan var sérlega krefjandi viðfangsefni því erfitt reyndist að fá dómara í alla 453 leiki mótsins og það er klárt að það er ekki á færi eins félags að sjá um það.

Blakdeild Aftureldingar vill koma á framfæri kærum þökkum til allra þeirra sem hoppuðu inn og björguðu dómgæslunni á mótinu en greiddar eru 2500 kr fyrir hvern leik sem lið taka að sér og rennur sú upphæð í sjóð sem ungmenni geta sótt í til að jafna ferðakostnað við æfingabúðir vegna landsliðsverkefna svo þeim pening er vel varið og hefur sú upphæð þegar verið greidd í þann sjóð.

Að lokum þá þakkar Mosöld öllum Mos-Öldungum enn og aftur fyrir komuna og samveruna á enn einu frábæru Öldungamótinu og óskar Blakdeild HK góðs gengis við undirbúninginn fyrir Öldungamótið 2025.

Áfram blak á Íslandi

Fyrir hönd Blakdeildar Aftureldingar og MosAldar 2024.

Gunna Stína Einarsdóttir

Öldungur 2024”

Á mótinu sjálfu var landsliðinum boðið að vera með fjáraflanir sem fólu í sér að setja upp landsleiki bæði karla og kvenna og var það liður í undirbúningi landsliðanna sem voru að fara að taka þátt í Silver league í fyrsta skiptið. Á fimmtudagskvöldinu spilaði Íslenska karlaliðið við úrvalslið erlendrar leikmanna á Íslandi sem Öldungur setti saman og á föstudagskvöldinu spilaði Íslenska kvennalandsliðið við landslið Færeyja. Sáú liðin um umsjón og allan frágang og upps “etningu valla fyrir hvort annað auk þess að sjá um miðasölu á leikina og beina útsendingu á leikjunum.

Þetta gekk frábærlega og var mjög góð aðsókn á báða leikina og reyndist þetta góð æfing fyrir landsleikjatörnina sem í hönd fór fyrir landsliðsfólkið okkar. Íslensku landsliðin unnu bæði sína leiki. Auk þessara fjáröflunar voru landsliðin með gamlar landsliðstreyjum til sölu auk þess að bjóða Öldungum upp á meðferðir í sérstöku stígvéli á milli leikja.



## Mótanefnd

Í mótanefnd voru: Guðrún K Einarsdóttir, Einar Friðgeir Björnsson og Guðbrandur Pálsson,

Verkefni nefndarinnar var að sjá til þess að allur sá búnaður sem þarf væri til staðar. Yfirfara það sem Blakdeild Aftureldingar átti og hvað þurfti að fá lánað frá öðrum félögum og hvernig setja skyldi upp fleiri velli en íþróttamiðstöðin að Varmá bauð upp á.

Við áttum allt sem til þurfti á þá 9 velli sem eru í íþróttamiðstöðinni.

Spilað var á 9 völlum í aðalhúsinu að Varmá og á 6 völlum í Fellinu, sem er knattús við hlið íþróttamiðstöðvarinnar.

Knattúsið Fellið fékk nafnið Valorhöllin þar sem Valor styrkti mótið og fylgdi súkkulaði frá þeim í mótsögnum ásamt fleiru.

Undirlag var leigt af Kópavogsbæ og var Einar Sigurðsson hjá Altis umsjónarmaður með gólfinu. Hann var okkur innanhandar við allt sem þessu viðkom og erum við honum óendanlega þakklát fyrir alla þá aðstoð og ráðleggingar sem hann gaf okkur og var algjörlega ómetanlegt.

Við fengum lánaða bolta og boltakörfur frá Blakdeild HK auk antennur og net til að setja upp í Fellinu og stigamöppur á þá 6 velli sem voru settir upp í Fellinu.

Í Valorhöllinni settum við auk þess upp markaðstorg þar sem fyrirtæki gátu komið og sett upp aðstöðu til að selja sína þjónustu og vörur. Einnig vorum við með veitingasölu þar með léttum veitingum og aðallega drykkjum og sætindum.

Þegar kom að því að festa upp netin þá fengum við Jónas Traustason okkur til aðstoðar en hann er margreyndur í þeim bransa og hefur aðstoðað ófáa í uppsetningu á Öldungamótum þar sem ekki er hægt að setja blaksúlur í gólf og mætti með allt fullt af nauðsynlegum græjum til að hægt væri að setja þetta allt saman upp. Við vorum heppin því í Fellinu eru góðar festingar sitt hvoru megin og var hægt að strengja víra í gegnum netin og yfir í hinn vegginn. Við lentum einu sinni í því að einn völlurinn datt um koll en annars gekk þetta mjög vel.

Við fengum blakdúkana frá Blaksambandi Íslands og lögðum þá yfir undirlagið og límdu þá niður. Þegar rakinn jókst í húsinu þá kom í ljós að sá raki virkaði eins og svell á dúkunum og þurfti að vera að moppa þær endalaust og var það mjög bagalegt.

Við uppsetningu á mótinu þá var ákveðið að allar deildir skyldu spila í öllum sölum, uppi þar sem áhorfendapallarnir voru, niðri á parketinu og einnig í Fellinu á útbúnu blakvöllum. Það mæltist vel fyrir því þannig náðu keppendur að kynna öllum keppnisvöllum og þar af leiðandi að hitta fólk í mörgum deildum.

Við notuðum upphækkanir fyrir dómastóla til að standa á, svo sem palla úr ræktinni og borð auk þeirra þriggja dómastóla sem til voru í húsinu. Þar sem hægt var að strengja netin á milli veggja þá þurfti ekki að nota vatnsfyllt ker til að halda niðri blaksúlunum í Fellinu eins og hefur þurft að gera á öðrum mótum og vorum við þakklát fyrir það.

Á þriðjudegi fyrir mótið þá kom gámur með undirlaginu í hús ásamt dúkunum og var byrjað að leggja undirlagið og þá kom í ljós að það vantaði meira svo ekki var hægt að klára þetta það kvöld. Allir blakarar í Aftureldingu voru mættir til að hjálpa til og ekki veitti af. Á miðvikudagskvöldinu var klárað að setja niður gólfíð og dúkana ofan á og merkja vellina ásamt því að festa súlur og setja upp netin ásamt því setja upp alla vellina í íþróttamiðstöðinni og veitingasölnurnar sem voru á þremur stöðum.

Við fengum ómetanlega aðstoð frá vini sem átti lyftara og mætti með hann í Fellið til að flytja brettin með undirlaginu og blakdúknum og létti okkur vinnuna ómetanlega mikið.

Lagt var upp með að hafa amk 10 bolta á hverjum velli og þurfti því 160 bolta.

Í mótsögnum fylgdu með flautur fyrir dómara liðanna þannig að öll lið fengu amk 1 flautu auk annarra hluta sem koma fram í skýrslu mynjagripnefndarinnar.

Þegar skráningu lauk þá var það ljóst að spilað yrði í 7 karladeildum þar sem voru 7 lið í öllum deildum nema 1.deild þar sem eingöngu 4 lið vildu vera. Í fyrsta skiptið var karladeild með A og B skiptingu en brugðið var á það ráð að setja 5.deildina þannig og í 6.deild karla voru allt lið sem voru á byrjunarreit. Nokkur ný lið komu inn sem fengu að fara ofar þar sem þau voru með reynslumikla blakarar innan sinna liða.

Kvennadeildirnar voru 15 og þar voru 7 lið í öllum deildum. Þó nokkur lið lánuðu sæti sín öðrum liðum þar sem þau vildu ekki spila í næstu deildunum og þau lið sem lánuðu sín sæti gætu þá endurheimt þau á næsta móti næðist í lið. Úrslit mótsins fylgja með sem viðbót aftan við skýrsluna ásamt uppsetning á deildum og völlum en öll úrslit má einnig finna á [Playing.com](https://www.playing.com) undir Mosöld 2024

Eins og fram kom að framan í pistli Öldungs þá var ákveðið að reyna að nota nýtt mótakerfi og athuga hvort það myndi gagnast á mótinu og þá sérstaklega við úrslitaskráninguna. Það sem þetta sparaði var mannskapur í innslætti á öllum úrslitum en þar sem þetta var ekki rétt sett inn í ca 75% tilfella þá þurfti mótastjóri að yfirfara allt og laga og breyta svo spurningin er hvort það hafi sparað einhvern tíma þegar upp var staðið. En það hlýtur að koma að því að það finnist góð lausn og leikmenn og lið geti verið ábyrg fyrir því að setja inn rétt úrslit eftir hvern leik og allir geti fylgst með í rauntíma.

Ljóst er að spilatíminn er orðin lengri en áður var þar sem flest liðin eru orðin svo miklu betri og var því ákveðið að hafa 60 mínútur á milli leikja. Sumir leikir fóru fram yfir þann tíma en flestir vellir náðu að halda sér nokkurn veginn en ljóst er að það veitir ekki af því að hafa þann tíma á leikjum.

Síðustu leikir byrjuðu kl 20:30 á öllum völlum en þar sem landsleikirnir tóku út 3 velli á bæði fimmtudag og föstudag og lokahófið tók út 3 velli fyrir hádegi á laugardegi og samtals 6 velli eftir hádegið þá kláraðist mótið á 9 völlum frá hádegi á laugardegi.

Dómgæslan á mótinu var mjög erfið og sent var út neyðarkall til liðanna en lítill hluti liða skráði inn dómara og fór svo að mótshaldari þurfti að redda dómgæslu á allt of marga leiki.

Verðlaunaafhendingin tekur alltaf sinn tíma og er það tillaga okkar að í stað þess að leyfð verði myndataka á verðlaunapallinum að það verði komið fyrir sérstakt horn þar sem liðin geti farið í myndatöku og tekið myndir af sér með bikara og verðlaunin. Þá er hægt að klára

verðlaunaafhendinguna á mun skemmri tíma. Nú er ljóst að einungis verða veitt verðlaun fyrir 2 efstu sætin í hverri deild svo það ætti að stytta tímann talsvert.

Verðlaunapeningarnir voru sérhannaðir og var mótsmerkið haft að leiðarljósi ásamt yfirskrift mótsins: " Gleðin við völd-á Mosöld" við hönnunina og vorum við mjög ánægð með útkomuna.

Á síðu Blaksambandsins er að finna nýja reglugerð Öldungamótanna þar sem breytingar sem stjórn BLI gerði á Öldungamótsreglugerðinni í júlí eftir Mosöld 2024 en tillögur þær komu frá Öldungaráðinu sem skipa Öldungar þriggja síðustu Öldungamóta og er þær að finna á heimasíðu BLI, [bli@bli.is](mailto:bli@bli.is) undir Öldungamót.

Engar kærur bárust á meðan á mótinu stóð og þurfti því aldrei að kalla til Öldungaráðið.





## Veitinganefnd

### Skýrsla veitinganefndar á Mosöld 2024

Formaður: Sigurgeir Hallgrímsson Formaður BUR

Arnar Þór Halldórsson

Pimpernel Werners

Ólöf Birna Ólafsdóttir

Þórhallur Sölvi Barðason

Sunna Brá Stefánsdóttir

Gerður Pálsdóttir

Fundir veitinganefndar voru stopulir en mest allt fór fram á messenger eða á síðustu vikum fyrir mótið. Ákveðið var í nóvember að hafa veitingahús í fimleikasalnum, litla sjoppu í fatahengi við anddyrið og aðra litla sjoppu í Fellinu. Báðar sjoppurnar buðu eingöngu upp á drykki og lítið úrval af matvöru eingöngu hluti sem hægt var að grípa með sér á ferðinni.

Veitingaaðstaðan í fimleikasalnum var hins vegar öll hin glæsilegasta og var boðið upp á uppádekkuð borð fyrir rúmlega 200 manns. Þessi skipting þ.e. að fólk gat farið í veitingasalinn og slappað af eftir leiki og hins vegar að þurfa ekki að rúlla langa leið til að grípa sér eitthvað lítið annaðhvort að drekka eða eitthvað smá að borða mæltist mjög vel fyrir hjá keppendum og var veitingasölnunni hrósað í hástert.

Sérstaklega var gaman að sjá í góða veðrinu sem var á fimmtudeginum að fólk sá ekki ástæðu til að yfirgefa mótsstaðinn heldur náði sér í eitthvað að borða eða drekka og skellti sér í sólbað á grasblettinum fyrir fram húsið.

Um leið og fólk gekk inn í veitingasalinn tók á móti þeim veitingalína sem var með öllum þeim veitingum sem boðið var uppá. Bæði í bakstri og öðru og var meðal annars boðið upp á súpu, salatbar, rúnstykki, samlokur, heimabakað bakkelsi og svo að sjálfsögðu drykki.

Afgreiðslufólkið afhenti drykki og annað sem var í kælinum en annars var um sjálfsafgreiðslu að ræða bæði í súpu og á salatbar.

Það sem í boði var í veitingasölunum var eftirfarandi:

Mexico kjúklingasúpa,

Salatbar (paprika, tómatar, salat, gúrka, kalt pasta og egg )

Rúnstykki, grænmetissamlökur, samlokur með skinku og osti.

Heimabakstur var möffins, hafraklattar og döðlugott.

Banar, ís, nammi, Unbroken og Pringles var einnig í boði ásamt skyrdrykkjum og Hleðslu.

Samningur var gerður við Ölgerðina og fengum við 8 kæla frá þeim (hefðu mátt vera 2-4 í viðbót), kæliborð fyrir salatbar kom frá Efnisveitunni, ískista kom frá Emmessís, samlokugrillin þurfum við að skaffa þar sem öll grillin sem deildin á voru horfin, kaffivél kom frá Danól (Gevalia) þessa kaffivél þarf alltaf að fá lánaða hún hellir upp á kaffi á ca 20 sek.

Alla morgna fengum við nýbökðu rúnstykki frá Mosfellsbakarí (100 stk pr. dag mættu vera fleiri) einnig fengum við skúffukökufleka 4 pr dag sem var of mikið og fyrir næsta mót þyrfti ekki að taka nema kannski 4 fleka þeir eru svo stórir.

Vinnslusalur og birgðageymsla var sett upp á ganginum og í öðrum fataklefanum við fimleikasalinn.

Þar var súpan hituð, pastað soðið (eitthvað soðið reyndar heima hjá Sigurgeir og Þórhalli), allt grænmeti skorið niður. Við fengum stálborð á hjólum frá Efnisveitunni sem kom sér sérstaklega vel í vinnslunni.

Í undirbúningi fyrir innkaup var notast við skýrslu Mosaldar 2017 sérstaklega en þó þurfti að renna blint í sjóinn með t.d. magn af pasta, eggjum og grænmeti í salatbarinn.

Fólk var almennt mjög ánægt með verðlag og úrval af því sem í boði var.

Við lentum aðeins í því að þurfa að fara í búðir til að kaupa inn meira af grænmeti, bönunum, mjólk, sósum, sýrðum rjóma og osti.

Mjög mikilvægur hluti náðist ekki hjá okkur það var að ná að manna móttöku á vörum á miðvikudeginum. Þar sem það var bara einn í veitinganefndinni á vaktinni frá 12-16 og þurfti að gera ansi mikið á þeim tíma þá náðist t.d. ekki að telja vörurnar frá Ölgerðinni og Stórkaup svo það uppgötvaðist ekki fyrr en um 17 að það vantaði allan kristal sem hafði verið pantaður frá Ölgerðinni og einnig vantaði alla kælivöru sem átti að koma frá Stórkaup.

Þannig að það þurfti að hafa hraðar hendur að redda kælivöru frá Bónus og við þurftum að sækja eggjafötur í Nesbú á Vatnsleysuströnd.

Sem betur fer var Bónus opin alla helgina og bjargaði það okkur oft um helgina en búið var að ræða við verslunarstjórann þar svo hann var viðbúin mikilli verlsun.

Súpan og salatbarinn kláruðust svo í kringum 13:30 á lokadeginum og var það bara látið klárast þar sem síðustu leikir byrjuðu kl 14:30 ca þannig að áætlunin á súpunni var svo gott sem fullkomin.

Verðlagið var mjög gott fyrir hugareikning en þeir sem þurftu notuðust við símana sína við útreikninga, allt var á heilu eða hálfu hundraði.

Að endingu vorum við nokkuð góð í mönnun á veitingasölunni þar sem iðkendur í unglingsflokkunum og foreldrar þeirra sáu um að manna veitingasöluna. Það má segja að U14 hópurinn hafi borið veitingasöluna á herðunum þessa helgi en aðrir komu þó að einnig.

Það var 1 á vakt í Fellinu alla helgina, 2 á vakt í sjoppunni í anddyrinu og 6-10 í veitingasölunni á hverjum tíma og veitti ekki af þessum fjölda.

Suma tíma sérstaklega á morgnana og seint á kvöldin gekk verr að manna vaktirnar. En vaktirnar voru á milli 8-22 alla dagana nema á laugardeginum þá opnuðum við 30 mín fyrr og enduðum milli kl 17-18 í frágangi.

Sunnudagurinn fór svo í frágang og var byrjað kl 11 og hætt um klukkan 15 í því sem tengdist veitingasölunni.

Foreldrar bökuðu hafraklatta, döðlugott og muffins sem selt var um helgina. Iðkendur unnu sér inn punkta fyrir vinnuna þessa helgi sem nýttast í keppnisferðir.

Gott að hafa í huga fyrir næstu Mosöld: Má alveg sleppa muffins og hafa meira af hafraklöttum, þyrfti að vera súpuvakt (1 að hita og fylla á) svo þyrfti annar að vera á vaktinni í salatbarnum vakta sósur og áfyllingu, skera niður grænmeti og þess háttar.

**Hérna fyrir neðan er tafla yfir það sem var í boði og hversu mikið fór af hverju.**

Vörur	Fjöldi í pakkingu	Fjöldi pakkinga
Pepsi 0,33 l	6 dósir	48 pakkingar
Pepsi Max 0,33 l	6 dósir	32 pakkingar
Appelsín 0,33 l	6 dósir	12 pakkingar
Appelsín sykurl. 0,33 l	6 dósir	12 pakkingar

7-up zero 0,33 l	6 dósir	12 pakkningar
Kristall Mexican lime 0,33 l	6 dósir	48 pakkningar
Kristall hreinn 0,33 l	6 dósir	30 pakkningar
Gatorade Cool blue	12 flöskur	47 pakkningar
Gatorade Red Orange	12 flöskur	10 pakkningar
Gatorade Orange	12 flöskur	8 pakkningar
Collab Hindber/aprík. 0,33l	6 dósir	40 pakkningar
Collab Ástaraldin/límo0,33	6 dósir	40 pakkningar
Collab jarðaber/sítró 0,33 l	6 dósir	24 pakkningar
Collab Skógarberja 0,33 l	6 dósir	24 pakkningar
Collab Engifer/ferskju 0,33l	6 dósir	24 pakkningar
Collab Yuzu lime/sítró 0,33	6 dósir	24 pakkningar
Collab Hydro blár 0,33 l	6 dósir	16 pakkningar
Collab Hydro grænn 0,33l	6 dósir	16 pakkningar
Mist Uppbygging 0,33 l	6 dósir	16 pakkningar
Mist Búdda Sitrus 0,33 l	6 dósir	16 pakkningar
Mist Blóðappels. 0,33 l	6 dósir	16 pakkningar
Carlsberg	10 dósir	75 pakkningar
Floridana epla 0,25 l	24 fernur	4 pakkningar
Floridana appels. 0,25 l	24 fernur	4 pakkningar
Floridana heilsusa. 0,25 l	24 fernur	4 pakkningar
Hleðsla 3 bragðtegundir	24 fernur	10 pakkningar
Skyrdrykkir 5 bragðtegundir	6 fernur	20 pakkningar
Pristur	1 poki	37 pokar
Prinspolo	32 í kassa	14 kassar
Siríus lengja	25 í kassa	10 kassar
Valor súkkulaði 3 teg.	10 í kassa	2 kassar
Panda lakkrís	1 poki	50 pokar

Skúffukaka	80 bitar	8 plötur
Rúnstykki	100 stk	3 x 100 stk
Banarar	1 stk	500 stk
Ostur	1 pakki	31 pakki
Skinka	1 pakki	50 pakkar
Rifinn ostur	1 poki	29 pokar
Sýrður rjómi	1 dolla	19 dollur
Mjólk 1 ltr	1 ltr	49 ltr
Grænmetissósa	960ml	10 flöskur
Pítusósa	960ml	6 flöskur
Sinnepsdressing	400ml	9 flöskur
Íspinnar	15	6 kassar
Tómatar	1 kg	13 kg
Gúrkur	1 stk	45 stk
Salat	1 kg	6,5 kg
Egg	1 fata	6 fötur
Paprika	1 kg	14,5 kg
Snakk í súpu	1 poki	26 pokar
Bónus brauð	1 kg	38 brauð
Smjörvi	400 gr	4 dollur
Heimabakstur	Hafraklattar	Ca 500 stk
Heimabakstur	Muffins	Ca 200 stk
Heimabakstur	Döðlugott 20 plötur	
Súpa	Mexico kjúklingasúpa	300 ltr
Pasta		30 kg
Kjúklingur	Eldaður kjúklingur	80 kg



## Verðlauna- og minjagripanefnd

Nefndina skipuðu Bára Ingibergsdóttir, Lilja Minný Sigurbjörnsdóttir, Ólöf Björg Þórðardóttir, Þórdís Ólafsdóttir (formaður) og Þórey Björg Einarsdóttir.

Hlutverk nefndarinnar:

- Ákveða hvort við vildum hafa mótaboli til að selja
- Finna þema mótsins
- Ákveða mótslag
- Hanna mótsmerki
- Útvega og hanna verðlaunapeninga
- Sjá um mótsgjafir
- Koma með hugmyndir að sölubásnum

Á fyrsta fundi nefndarinnar í nóvember 2023 var ákveðið að sleppa því að selja mótaboli þar sem lítið hefði verið um það á síðustu öldungamótum. Fórum af stað með allskonar hugmyndir varðandi þema mótsins á þessum fundi og var á endanum ákveðið að hafa gleiþema „Gleðin við völd á Mosöld“. Litríkt og fjölbreytt þema sem hver og einn gat gert að sínu. Nefndin var sammála um að hafa sama mótsslagið og var á Mosöld 2017 en eiga aðeins við það. Við tókum upp nýjar sönguraddir með hluta af blökurum Aftureldingar og sú útkoma var notuð á mótinu.

Hugmyndin að mótsmerkinu kviknaði á fyrstu fundum nefndarinnar. Við vildum tengja Mosfellsbæ og blak saman ásamt því að láta þemað koma fram í merkinu. Við settum upp fyrstu hugmyndir og fengum svo aðstoð frá teiknara til að leggja lokahönd á merkið sem við vorum hrikalega ánægðar með.

Verðlaunapeningarnir voru svo hannaðir út frá merkinu. Böndin utan um hálsinn í stíl við þemað og peningarnir eins og merkið í laginu. Ákváðum að hafa boltan í merkinu sjálflýsandi sem okkur fannst koma mjög skemmtilega út. Gunna Stína sá um að panta peningana fyrir nefndina. Við vorum hrikalega sátt með lokaútkomuna.

Nefndin hafði samband við ýmsa aðila til að safna saman í mótsgjafir handa keppendum. Það var einn gjafapoki á hvert lið og gert ráð fyrir 8 einstaklingum í hverju liði. Við fengum allskonar vörur til að setja í gjafapokana. Í þeim var tattoo með mótsmerkinu, súkkulaði frá Valor, súkkulaði stykki frá „Muna“, hita- og kælíkrem frá Altís, afsláttamiðar frá Bankinn, gjafamiðar frá Green Fit, dómarafauta, panda súkkulaðipokar og afsláttarmiðar frá H-verslun.



## Lokahófs og skemmtinefnd

Lokahófs- og skemmtinefnd 2024 skipuðu: Margrét Ragnarsdóttir formaður, Ása Dagný Gunnarsdóttir, Heidi Didriksen og Sólveig Sól Einarsdóttir

### Skemmtanir á meðan á mótinu stóð

Á miðvikudeginum var uppistand á veitingastaðnum Bankanum

Á fimmtudeginum var Múskíkbingó í Hlégarði.

Á föstudeginum var blakvaka í Hlégarði, DJ og dansað.

Einnig var Open mic á Bankanum, hjómsveitin Djúkboxið spilar óskalög úr sal ofl.

### Lokahófið:

Keyptir voru 910 miðar.

Stuðlabandið spilaði og hélt uppi stuðinu til kl.02:00

Vínveitingar komu frá Ólgerðinni

Matur frá Kjötbúðinni

Vorum með Dyraverði

Vorum með 4 reynda barþjóna + 9 auka manneskjur á barnum. Hefði ekki mátt minna vera.

Vorum með fatahengi, og kostaði 500 kr að geyma föt

Drappingar og hljóðkerfi var leigt af MP sound

Vorum með forpantanir á víni. Mæli með því, minnkaði álagið á barinn þegar fólk fór að streyma inn.

### Það sem hefði betur mátt fara varðandi lokahófið:

Borðaskipulag hefði þurft að vera tilbúið fyrr. Var reynt en lítill tími vannst til þess eftir að mótið byrjaði.

Forpantanir - gekk vel, þær voru 1-2 á barnum sem sáu um að rusla þessu út.

Hafa veislustjóra sem hefur yfirsýn yfir þau borð sem fara að ná í matinn.

Vantaði meira af klökum og hefði verið smart að hafa lime í gin/tonik drykkinn.

Barinn - taka skýrar fram hvaða vín er í boði á verðlistanum sbr hvaða hvítt og hvaða rautt er í boði

Ekki henda kössum - hægt að skila - passa að merkimiðin passi við kassana við drykkina sem verið er að skila.

## Verðlisti á barnum á Mosöld 2024

Rauðvín /Hvítvín Flaska 750 ml	8,000
Rauðvín /Hvítvín Flaska 187 ml	1,500
Freyðivín Flaska 750ml	8,000
Freyðivín Piccini 200ml	1,500
Freyðivín Bottega Gold 200ml	1,500
Freyðivín Bottega Gold 200ml	1,500
VES, LOV og G&G	1,500
BARA	1,500
Bjór (Boli, Egils Lite, Tuborg Classic) 330ml	1,000
Rúta af bjór (allar tegundir)	12,500
Bjór áfengislaus (Brió/Gull)	1,000
Gos 330 ml (óáfengt)	500
Kristall, pepsi max, appelsín ofl	
Skot (Opal og Tópas 90ml)	1,000
Opal mix (6 opal skot blandað)	6,000
Einfaldur gin/tonik vodka/redbull	2,000
Tvöfaldur gin/tonik vodka/redbull	2,500
Jökla krapp	2,000





## Gistinefnd

Eygerður Helgadóttir og Kristín Inga Guðmundsdóttir tóku að sér að vera í gistinefnd.

Stofnuð var facebooksíða þar sem auglýstar voru eignir í bæjarfélaginu til leigu á meðan á mótinu stóð.

Auglýst var í bæjarblaðinu Mosfellingi og fólk hvatt til að leigja út eignir sínar og skrá inn á síðuna. Lið höfðu svo samband beint við viðkomandi leiguaðila ef þeim leist á eignina þannig að þetta varð algjörlega milliliðalaus samskipti því eingöngu vettvangurinn var búin til og auglýstur í báðar áttir og reyndist vel.



## Uppgjör

Athygli skal vakin á því að reglugerð Öldungamóta BLI hefur verið breytt eftir Mosöld 2024 og fylgir hér með.

[Reglugerð-um-Öldungamot-BLI-2024-1.pdf](#)

Breytingar sem ber að vekja athygli á eru:

Nethæð í 1.deildum kk og kvk: Orðin sú sama og á Íslandsmótum BLI

Umsóknaraðilar að Öldungamótunum: þurfa að koma frá blakfélögum.

Dómgæsla á Öldungamótum: Í umsjónarleikjum skulu lið í 8. deild kvenna og í 5. deild karla og ofar sjá til þess að dómari á þeirra vegum sé tiltækur í þeim leikjum sem liðið á umsjón með á mótinu og mun greiðsla fyrir þá dómgæslu renna í þar tilgerðan sjóð sem stofnaður var í þeim tilgangi.

Verðlaun skulu veitt eingöngu fyrir efstu tvö sætin í hverri deild/armi og eingöngu skal farandbikar vera fyrir Öldungamótsmeistara í 1.deildum karla og kvenna en mælt með að mótshaldari hafi bikar til myndatöku fyrir þau lið sem unnu sínar deildir.

Samkvæmt reglum Öldungamótanna þá greiðir mótshaldari 25% af þátttökugjöldum liðanna til BLÍ ef félagið er með barna og unglingsstarf og skal það eyrnamerkt yngri flokka starfi BLI.

Sú dómgæsla sem liðin inna af hendi greiðist einnig til BLI í sérstakan sjóð sem yngri iðkendur geta sótt í til að jafna út ferðakostnað á landsliðsæfingar innanlands.

**Mosöld 2024 greiddi til Blaksambandsins 2.265.000 kr vegna mótsgjalda og 767.500 kr vegna dómgæsluþátttöku á mótinu.**



## Eftirmálar Öldungs eftir Mosöld 2024

Mig langar til að koma með nokkra punkta í lok þessara skýrslu og það geri ég í krafti þess að þetta er fjórða Öldungamótið sem ég stýri.

Það fyrsta var 2002, næsta 2010, svo 2017 og svo núna 2024.

Það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan við byrjuðum en í krafti þess að við fengum mótið 2002 þá var barna-og unglिंगadeildin stofnuð. Í kjölfarið á 2010 mótinu fórum deildin með lið í úrvalsdeild í fyrsta skiptið og hefur deildin fjárfest í tækjum og innviðum í kjölfar mótanna eins og efni og ástæður hafa gefi tilefni til.

Nú er svo komið, að mínu áliti, að það þarf að endurhugsa mótagjöldin á Öldungamótum BLI. Það er orðið mikið mikið meiri vinna og miklu miklu meiri kröfur frá blaksamfélaginu heldur en fyrir 10-20 árum síðan. Áður dugðu 3 vellir og svo 6 og þegar við komum með 9 velli árið 2002 þá þótti það ævintýralegt. Nú duga varla 15 vellir.

Þegar það eru haldin 2-3ja klst mót með einum kvöldverði og lið eða fyrirtæki eru tilbúin til að greiða um 100.000 kr í mótagjöld fyrir það (bankamótið) þá ætti það ekki að vera mikill kostnaður að greiða svipaða upphæð fyrir 3ja daga mót og margra mánaðar og jafnvel ára undirbúning auk þess að bæta þarf við amk 6-10 völlum svo mótið sé framkvæmanlegt.

Nú er vart hægt að halda mótið nema að hafa knatthús sem hægt er að leggja gólf og dúk ofan á og bara kostnaðurinn við það hleypur á milljónum en hækkun mótsgjalda hefur ekki hækkað í samræmi við það.

Mín tillaga er því sú að félögin sem muni halda næstu mót hækki mótsgjaldið svo að keppendur sjálfir greiði þann kostnað sem af viðbótinni hlýst en ekki að mótshaldari þurfi að selja svo og svo margar auglýsingar til að hafa upp í þann kostnað.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum innan Blakdeildar Aftureldingar fyrir frábært og óeigingjarnt starf við mótaundirbúning og vinnu á mótinu sjálfu.

Með kærri þökk fyrir komuna á Mosöld 2024

Guðrún K Einarsdóttir

Öldungur